



Borgarráð

Reykjavík, 31. mars 2025

MSS25030152

Starfshópur Reykjavíkurborgar, ASÍ og BSRB til að skoða nýjar leiðir til þess að auka framboð og hraða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík

Hjálagt erindisbréf starfshóps Reykjavíkurborgar, ASÍ og BSRB til að skoða nýjar leiðir til þess að auka framboð og hraða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík er lagt fram til kynningar.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps Reykjavíkurborgar, ASÍ og BSRB til að skoða nýjar leiðir til þess að auka framboð og hraða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík.



Reykjavík, 3. apríl 2025

MSS25030152

ERINDISBRÉF

Starfshópur um aðgerðir til að auka framboð húsnæðis og flýta innviðaupbyggingu í Reykjavík

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri.

Inngangur:

Á fundi borgarráðs 27. mars 2025 var samþykkt viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar, ASÍ og BSRB um að hefja nýja sókn í húsnæðismálum. Þessir aðilar hafa með samvinnu sinni undanfarin ár brotið blað í húsnæðismálum eftir stofnun ASÍ og BSRB á Bjargi og síðar Blæ og úthlutun Reykjavíkurborgar á stofnframlögum í formi fjölmargra lóða til uppbyggingar almennra íbúða í eigu þessara félaga. Þannig hefur á annað þúsund efnaminni fjölskyldum á vinnumarkaði verið tryggt öruggt þak yfir höfuðið. Árangur verkefnisins hefur verið mikill og þá er eftirspurn eftir áframhaldandi uppbyggingu ótvíræður eins og biðlistar bera með sér.

Hlutverk:

Að skoða nýjar leiðir til þess að auka framboð og hraða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík og þannig stuðla að auknu jafnvægi á fasteignamarkaði. Í því skyni verður starfshópur, skipaður tveimur fulltrúum frá hverjum þessara aðila, falið að setja fram hugmyndir að verkefnum sem geta skapað sóknarfæri í núverandi ástandi.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Kanna hvort hægt er að flýta uppbyggingu húsnæðis í Úlfarsárdal (M22) með aðkomu innviðasjóðs í eigu lífeyrissjóða.
- Kortlagning mögulega áframhaldandi uppbyggingu íbúðarhúsnæðis til næstu 10-15 ára, m.a. byggt á þeim sóknarfærum sem skapast á grunni uppfærðs samgöngusáttmála.
- Rýna árangur verkefnisins „húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur“ og gera tillögur að hugsanlegum breytingum, nýjum svæðum til lóðaúthlutana eða annarra leiða til að fjölga slíkum íbúðum og úthlutunarreglum fyrir annan fasa verkefnisins.

Starfshópurinn skipa:

Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri aðalskipulags, umhverfis- og skipulagssvið
Auður Inga Ingvarsdóttir, lögfræðingur á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara
Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs íbúðafélags
Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs
Róbert Farestveit, sviðsstjóri hagfræði- og greiningasviðs ASÍ
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB



Reykjavík



Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Björn Teitsson, verkefnastjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum eigi síðar en 31. maí 2025